

Ed.

227. Breytingartillaga

[124. mál]

við frv. til laga um Tækniskóla Íslands.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 7. gr. 2. mgr. orðist svo:

Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild skólans á Akureyri, Ísafirði og á öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta. Á Akureyri skal rísa sjálfstæður tækniskóli, strax og aðsókn og aðrar aðstæður leyfa, og skal nú þegar hafinn nauðsynlegur undirbúningur að stofnun skólans.